

5. fundur umhverfisnefndar Heiðarskóla

13. febrúar 2025 kl. 12.50

Mættir: Aurora Rós, Aron Dagur, Védís Helga, Baltasar Aron, Magnús Orri, Ari, Jasmín, Eyrún, Sigga Lára, Helena og Þórdís sem ritar fundagerð

- Umræða um varðeldinn sem var í janúar. Gekk mjög vel og var skemmtilegt að mati barnanna. Allt ljós út var slökkt, tónlist og allir saman við varðeldinn.
- Farið yfir fréttir af jóla í skókassa frá KFUM þar sem sagt var frá ferlinu og afhendingu jólakassanna.
- Næst á dagskrá er matarvigtun í mars. Fyrst er vigtað án þess að við vitum og síðan reynum við að bæta okkur og minnka matarsóun.
- Styttist í dag umhverfisins. Í fyrra héldum við ráðstefnu þar sem Andri Snær Magnason kom og hélt erindi, ræddi um heimsmarkmiðin og umhverfisvernd. Í ár er þá komið að umhverfishreinsun. Lagt til að fara í fjöruhreinsun á Innnesinu. Byrja við Krossland og enda í fjörunni við Miðgarð. Endað í Miðgarði í hádegisgrilli.
- Nefndarmeðlimir segja frá því að mikið af rusli sé nú á skólalóðinni og í kringum skólasvæðið. Lagt til að velja góðviðrisdag og allir fara út og hreinsa.
- Yngsta stig fer í þema um sjófugla eftir vetrarfrí,
- Sagt frá því að Heiðarskóli mun sækja um 9. grænfánann í vor.

Fundi slitið 13.15.

Þórdís Þórisdóttir